



## Skólstarf í desember 2018



*Foreldrar/Forráðamenn*

*Í desember brjótum við svólitið upp hefðbundið skólstarf þar sem við m.a. hittumst á sal og syngjum saman, fönðrum, skreytum og eigum notalegar stundir. Hér fyrir neðan má sjá nánara skipulag:*

**3. desember:** *Jólafondur á vegum foreldrafélags Háaleitisskóla frá kl. 17:00 – 19:00.*

**4. desember:** *Skreytingardagur – nemendur ásamt starfsfólki skólans skreyta stofur og ganga skólans.*

**5. desember:** *Söngstund á sal – nemendur ásamt starfsfólki skólans koma saman á sal og syngja valin jólalög.*

**7. desember:** *Jólapeysudagur – nemendur ásamt starfsfólki mæta í jólapeysu (eða öðrum jólafatnaði) í skólann.*

*Nemendur mega koma með frjálst nesti/sparinesti þennan dag.*

**11. desember:** *Söngstund á sal – nemendur ásamt starfsfólki skólans koma saman á sal og syngja valin jólalög.*

**12. desember:** *Upplestur á sal – Gunnar Helgason, rithöfundur, kemur og les upp úr bók sinni Siggí sítróna fyrir nemendur í 2. – 8. bekk.*

**14. desember.** *Jólamatur – Hangikjöt með öllu tilheyrandi og ís í eftirrétt. Þeir nemendur sem ekki eru í áskrift hjá Skólamat geta keypt stakan miða í mötuneytinu á 600 kr. (fyrir 12. desember).*

**17. desember:** *Kósýstund – nemendur eiga notalega stund saman í sinni heimastofu. Hlustað verður á jólalög og boðið upp á piparkökur og kakó.*

*Síðasti dagur til að koma með jólapakka vegna jólasamverunnar/litlu jólanna til umsjónarkennara. Pakkinn má kosta að hámarki 1000 kr. og þarf gjöfin að henta báðum kynjum.*





**19. desember:** Uppbrotsdagur – nemendur eiga notalegan dag í sinni umsjónarstofu, þar sem m.a. verður boðið upp á að fönðra, gera jólakort, spila og lesa. Eftir hádegi mega nemendur dreifa jólakortum til nemenda og starfsmanna skólans.

Söngstund á sal – nemendur ásamt starfsfólki skólans koma saman á sal og syngja valin jólalög.

Nemendur mega koma með **friðst nesti/sparinesti** þennan dag.

**20. desember:** Jólasamvera/Litlu jólin (frá kl. 09:15 – 10:40) – Nemendur mæta þrúðbúnir á sal skólans og þar er dansað í kringum jólatré og sungin jólalög. Síðan er farið í heimastofur þar sem við tekur notaleg jólastund með bekknum, lesin er jólasaga og nemendur fá pakka. Þá gæða nemendur sér á smákökum og drykk (má vera gos – **EKKI** orkudrykkur) sem þeir hafa komið með. Athugið að **Krakkaheimar** (frístundaskólinn) eru lokaðir þennan dag.

Jólaleyfi hefst að lokinni jólasamveru og hefst kennsla aftur á nýju ári samkvæmt stundatöflu, fimmtudaginn 3. janúar.

# Gleðileg jól

